

Póstur sendur til nemenda 5. febrúar 2024 – frá áfangastjóra

Kæri nemandi,

Þú hefur nú fengið sent yfirlit um ástundun það sem af er vorönn 2024. Þegar talað er um **mætingu** þá er annarsvegar talað um **raunmætingu** og hins vegar **mætingu að frádregnum veikinda- og leyfis tilkynningum**. Ef raunmæting nemanda í áfanga er undir 60% þegar fimm vikur eru liðnar af önninni telst nemandi fallinn í áfanganum og verður skráður hættur.

Dæmi: Þessi nemandi hefur mætt 75% í alla tíma sem haldnir hafa verið í spænsku og þar með er raunmæting hans 75%. Hann var með skráð veikindi fyrir öllum 4 tímunum sem hann mætti ekki í og þar með telst mæting hans vera 100%. Þ.e. allar hans fjarvistir eru útskýrðar.

ÁFANGI	FJARVISTIR					FORFÖLL		FJÖLDI TÍMA	FJARVISTARSTIG	MÆTINGARHLUTFALL		
	M	F	S	Z	X	L	V			MÆTING	RAUN	ÖNN
SP/EN1CC05	9	4	3				4	16	0	100%	75%	100%

Fjarvistarkóðar: X = Ekki kennt F = Fjarverandi Z = Forföll kennara M = Mættur S = Seint
Forfallakóðar: L = Leyfi V = Veikindi

Raunmæting: Raunmæting segir hvort að viðkomandi nemandi var í tíma og því hafa leyfi og veikindi ekki áhrif á raunmætingu.

Mæting: Lokamæting nemanda er mæting nemandans að frádregnum þeim fjarvistum sem skráð voru veikindi eða veitt leyfi fyrir.

Leyfi: Fjarvera vegna leyfa er alfarið á ábyrgð nemandans. Sótt er um leyfi í Innu vegna læknisheimsókna eða jarðarfara en önnur leyfi þarf að sækja tímanlega um hjá áfangastjóra. Beiðnir um leyfi t.d. vegna erfiðra veðuraðstæðna eru metnar miðað við aðstæður hverju sinni, þ.e. ef vegum er lokað eða almenningssamgöngur falla niður.

Kennarar setja S ef nemandi mætir of seint í tíma (getur verið allt að 15 mínútur), F ef nemandi mætir ekki í tíma eða mætir allt of seint í tíma (fer eftir atvikum) og Z kemur ef kennari tilkynnir veikindi.

Skólasóknarreglur eru á heimasíðu MH. <https://www.mh.is/is/namid/skolareglur/skolasoknarreglur>